

Námsáætlun fyrir íslensku - 8. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Særún Rósa Ástþórsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing).

Námslotur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skapaðu og skrifaðu	Nemandi geti Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr Samið texta frá eigin brjósti og beitt fjölbreyttu tungutaki í skapandi ritun. Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa mismunandi verki og beitt orðaforða og málsniði við hæfi Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt. Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt. Aflað áreiðanlegra upplýsinga og heimilda um ákveðið efni og sagt frá með eigin orðum.	Unnið með fimm meginreglur í ritun; efnisgreinar, lengd málsgreina, notkun hástafa, yfirllestur og uppsetningu. Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta og textagerða. Nemendur nýta vefforritið Málfríði við réttritun og yfirllestur. Nemendur vinna með ritunarverkefni sín í samtali og samráði við kennara, leiðrétta málfar, stafsetningu og málfræði. Nemendur afla upplýsinga um ákveðið málefni, segja frá með eigin orðum og vísa í heimild með vefslóð. Nemendur vinna ritun út frá ljósmynd með ákveðnum fyrirmælum með áherslu á persónusköpun, umhverfi, sjónarhorn, flækju o.s.frv.	Ritunarverkefni: Bærinn minn – Suðurnesjabær. Ritun með heimild. Ritunaræfingar. Skemmtileg og skapandi ritun. Hvað er að vera ég? Skapandi skrif, samkeppni MS. Hugarkort og ritun. Ritun út frá ljósmynd – sögugerð

Lesskilningur	Nemandi geti Lesið fjölbreyttan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.	Lestraraðferðir í lesskilningi af læsisvefnum.	Ýmsir textar valdir af kennara. Lesskilningskannanir. Lesfimipróf.
Lestur og bókmenntir	Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra. Beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði. Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess. Lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar bókmenntir. Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki. Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi. Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.	Spurningakönnunin Hvernig lesari er ég? lögð fyrir nemendur, umræða um bókaval nemenda í yndislestri. Nemendur greina nokkur bókmenntahugtök í lestrarskýrslum; umhverfi, innri og ytri tími. Nemendur útbúa kynningu á bók sem þeir mæla með, kynna fyrir bekknum. Bókin Vertu ósýnilegur verður lesin í íslenskutímum að vori. Ýmis verkefni unnin í tengslum við bókina. Skáldsaga lesin í íslenskutímum og bræðingi	Lestrarskýrslur um yndislestur. Orðaforðaverkefni úr yndislestri. Verkefni tengd bókinni Vertu ósýnilegur Kynning á bók

Málfræði og orðaforði	Nemandi geti Flett upp í rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka Greint og unnið með fallorð í texta	Innlögn og upprifjun frá kennara; beygingar og einkenni orðflokka/fallorða. Vinna æfingar af Málið í mark Leita að upplýsingum um orðflokka á malid.is Unnið með orðtök og málshætti	Málið í mark Málfræðihefti frá kennara Málfræðiupplýsingar af malid.is í orðaforðaverkefni (yndislestur)
Námsgögn: Vertu ósýnilegur. Náms efni um ritun unnið upp úr Ritunarvefnum (MMS) og Ritunarramma MMS. Ritunaræfingar og verkefni frá kennara. Málið í mark og málfræðihefti frá kennara.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf í formi bókstafa fyrir hvert hæfniviðmið og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.			

Tímaáætlun birt með fyrirvara um breytingar.